

5 - 22/23 Fundur Kjaranefndar LEB 16.2. 2023. Fjarfundur

Mætt voru Þorbjörn Guðmundsson, formaður, Sigurbjörg Gísladóttir, Jóna Ósk Guðjónsdóttir, Ásgerður Pálsdóttir, Ingibjörg H. Sverrisdóttir og Jón Ragnar Björnsson, sem ritaði fundargerð. Einnig sátu Helgi Pétursson og Viðar Eggertsson fundinn.

Farið var yfir atriði sem nefndarmenn höfðu sett fram og sent formanni.

Það kostar 15-16 milljarða (brúttó) að hækka almenna frítekjumarkið í 100 þús. Að óbreyttu myndi lífeyrir frá Tr. falla út við ca. 800 þús. kr. mánaðartekjur í stað 707 þús. kr. Slík breyting myndi fjölga þeim sem fá lífeyri frá TR.

Rætt var um leiðir til að draga úr jaðarsköttum m.a. með lægri skattþrepum og hærri frítekjumörkum. Farið yfir hvernig er verið að vinna gegn neikvæðum áhrifum jaðarskatta á hinum Norðurlöndunum. Rætt var um mikilvægi þess að vekja meiri athygli á áhrifum jaðarskatta þ.e. samspili skatta og skerðinga og hvernig þeir mismuna fólki.

Upplýst var að Þórólfur Matthíasson mun aðstoða við að reikna út kostnað vegna hugsanlegra breytinga á almannatryggingakerfinu.

Megin punktar/áhersluatriði:

- Almennt frítekjumark hækki í 100 þús. kr.
- Lífeyrir miðist við lágmarkslaun.
- Hækka lífeyri og frítekjumörk samkvæmt launavísitölu en aldrei minna en vísitala Neysluverðs.

Til umræðu:

Við útfærslu á hækkun almenna frítekjumarksins í 100 þús. kr. verði skoðað hvort og að hvaða leyti það eigi að leiða til fjölgunar þeirra sem taka lífeyri frá Tr. (lífeyrisgreiðslur fallia niður við 707 þús. kr. í dag en með hækkun frítekjumarks í 100.000 kr. við ca. 800 þús. kr. tekjur).

Skoða leiðir til að draga úr jaðarsköttum m.a. með nýju skattþrepi og frítekjumarki fyrir þá sem eru með lægstan lífeyri. Minni skerðingar hjá þeim sem eru undir miðgildi lífeyris frá lífeyrisjóðum.

Atvinnutekjur hjá þeim sem eru undir miðgildi lífeyris frá lífeyrissjóðum skerði ekki lífeyri frá Tr.

Jón Ragnar Björnsson
fundarritari

Sjá meðf. fylgiskjöl

Sigurbjörg Gísladóttir:

1. Lágmarkslífeyrir TR verði ekki lægri en lægstu umsömdu taxtalaun

Munurinn á lægstu umsömdu launum og lífeyri TR hefur aukist jafnt og þétt síðasta áratug þrátt fyrir nokkra leiðréttingu 2017. Þegar skoðuð eru gögn aftur til 2010 virðist mér sem vöxtur í ellilífeyrisgreiðslum sé um 95% fram til dagsins í dag. Vöxtur í lægstu launatöxtum er á hinn bóginn um 140% á sama tíma. Þarna virðist mér sem talsvert hljóti að vera að sækja og mikilvægt hvernig hægt er að setja þetta fram á sannfærandi hátt. Vona að ég hafi í fljótheitum ekki misreiknað neitt hér. En einfalt línurit ætti að geta skýrt þennan mun á ótvíræðan hátt.

2. Skerðingarnar. Frítekjumark verði strax hækkað í 100.000 kr.

Vísa hér í þetta ágæta graf sem var lagt fram á síðasta fundi. Hækkun frítekjumarks kemur öllum til góða, þeim fjölgar sem fá greiddan lífeyri og mesta hækkunin verður hjá þeim sem minnst fá greitt í dag. 30% skerðing kemur frekar þeim til góða sem hafa hærri eftirlaun. Ég tel óráð að leggja áherslu á það nú. Það er of auðvelt að skjóta það í kaf.

3. Árleg hækkun ellilífeyris og frítekjumörk hækki árlega samkvæmt launavísitölu

Sjálfsagt baráttumál þannig að ekki þurfi stöðugt að vera að eltast við leiðréttingar á lífeyrisgreiðslunum.

4. Árleg uppbót til þeirra sem eru undir miðgildi - sem fá lægstu greiðslurnar Mikilvægt ef við náum engu fram að því sem er nefnt hér fyrir framan.

5. Sjálfsagðar leiðréttingar

Ellilífeyrisþegar njóti sömu réttinda og aðrir skattgreiðendur varðandi leigutekjur. Einstaklingar sem búa erlendis fái heimilisuppbót til jafns við þá sem eru búsettir eru á Íslandi.

6. Húsnæðismál og heimaþjónusta

Mjög mikilvægt en þessi mál ætti að taka fyrir sérstaklega og ekki blanda þeim saman við lífeyrisgreiðslurnar sem ég tel að við séum fyrst og fremst að reyna að fá einhverjar bætur á.

7. Atvinnutekjur án skerðinga.

Ætti að vera auðfengið þar sem það kostar lítið sem ekkert fyrir ríkið. Það má hinsvegar ekki vera á kostnað þess sem nefnt er hér að framan. Líklega ekki margir sem eru að nýta sér þetta en ef það er tilfellið má skoða það.

Það eru fleiri ágætir áherslupunktur á blaðinu sem þú lagðir fram. Ef tel samt að mikilvægast sé að einbeita sér að þeim punktum sem skipta mestu máli fyrir sem flesta.

Ásgerður Pálsdóttir:

Hækka beri almennt frítekjumark í kr. 100.000 það sé aðeins komið í umræðuna en koma verði því betur til eyrna fólks.

Að eftirlaun frá TR verði aldrei lægri en lágmarkslaun á almennum vinnumarkaði.

Að fjölgað verði búsetuúrræðum fyrir eldra fólk, byggðir íbúðakjarnar þar sem fólk geti leigt hagkvæmar íbúðir á viðráðanlegu verði og fengið þjónustu ef þarf.

Staðan í dag er sú að þeir sem hafa lágan lífeyri úr lífeyrissjóði eru lítið betur settir en hinir, sem eingöngu hafa lífeyri frá almannatryggingum þeir, sem eiga skuldlaust eða skuldlítið húsnæði, eru miklu betur staddir en hinir. Þeir geta veitt sér meira á efri árum. Þeir, sem hafa góðan lífeyrissjóð, eru auðvitað betur settir. En skerðingarnar eru svo miklar að þeim sem hafa fremur lítinn lífeyrissjóð er refsað fyrir að hafa sparað í lífeyrissjóði.

Jóna Ósk Guðjónsdóttir:

Hvað viljum við ?

Hvað er líklegt til árangurs ?

Í mínum huga eru forgangsmálin þessi:

1. Hækkun grunnlífeyris
2. Hækkun frítekjumarka
3. Fjölbeytt húsnæði og þjónusta við hæfi

1. Hækkun grunnlífeyris til samræmis lágmarkslauna og fylgi síðan launavísitölu. Um þetta atriði þarf ekki að hafa mörg orð, munurinn á lífeyri TR og lægstu grunnlaunum liggur fyrir og margoft verið bent á hann. Vandinn liggur í því hvernig við náum eyrum þeirra sem þurfa að heyra.

Draga þarf fram aðstæður þeirra sem verst eru settir og gera þeim skil með áberandi hætti og ekki láta meðaltalsviðmið kæfa þá umræðu.

2. Hækka frítekjumark í amk. 100.000 (hvað er núverandi mark framreiknað í dag). Til lengri tíma samræma mörk atvinnutekna og lífeyris (uppsafnaðar launagreiðslur). Tengja launavísitölu eða hækka í áföngum þar til „eðlilegu“ marki er náð (sem er hvað?). Er raunhæft að hætta tvískiptingu og vera með ein mörk? Mætti hugsanlega útfæra það þannig að atvinnutekjur reiknist til helminga sbr. Leigutekjur.

3. Tryggja þarf valmöguleika varðandi húsnæði og til að fólk geti búið sem lengst heima þarf jafnframt að vera til staðar þjónusta við hæfi. Hér þarf að herja á sveitarfélög þar sem bæði skipulagsvald og lóðamál eru á þeirra hendi auk heimaþjónustu. Lengi hefur verið talað um samþættingu heimahjúkrunar og heimaþjónustu en lítið hefur gerst. Virkja þarf öldungaráð sveitarfélaganna hvað þessa þætti varðar þar sem t.d. fundargerðir þeirra eiga að skila sér til sveitarstjóra.

Jón Ragnar Björnsson:

Nú er úr vöndu að ráða!

1. Dropinn holar steininn: Verðum að halda á lofti kröfum okkar sem við kynntum fyrir Alþingis- og sveitarstjórnarkosningar (þarf kannski að leiðrétta m.t.t. verðbólgu).

-Þótt lítt hafi miðað verðum við að halda áfram að hjóla í stjórnámálamenn (á Alþingi og í sveitarstjórnnum).
2. Halda baráttufund, bjóða þingmönnum (ráðherrum) og forsvarsmönnum sveitarfélaga að mæta (gera það þannig að þeir telji sig verða að mæta!). Við eldri fjölmönnum til að sýna alvarleikann.
3. Undirskriftasöfnum meðal okkar eldri þar sem við setjum fram okkar kröfur. Sbr. [Faglige seniorer í Danmörk](#).
4. Grái herinn til Mannréttindadómstólsins: Sýnir að við erum ekki að gefast upp í baráttunni.
5. Er sammála öllu sem Sigurbjörg skrifaði.